

Miðvikudaginn 30. maí 1945.

Nr. 149/1944. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Guðmundur Í. Guðmundsson)

gegn

Jóni Gunnarssyni (Einar B. Guðmundsson)

og

Sveini Benediktssyni (Guttormur Erlendsson).

Refsað fyrir meynirði um lögreglumenn og óheimila veitingu og neyzlu áfengis í veitingahúsi.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

I. Ákærði Jón Gunnarsson.

Að kvöldi þess 26. ágúst 1944 og þá fram eftir nóttu var ákærði staddur ásamt nokkrum gestum sínum í veitingahúsinu Hótel Hvanneyri á Siglufirði. Hefur ákærði kannast við, að hann hafi þá, án þess að hafa aflað sér vínveitingaleyfis, neytt sjálfur áfengis og veitt öðrum áfengi í veitingasalnum. Varðar þessi verknaður við 17. gr. laga nr. 33/1935.

Inni í veitingasalnum veittist drukinn maður að ákærða og laust hann andlitshögg. Er ákærði nokkru síðar var á förum heim til sín, varð hinn drukkni maður á vegi hans í gangi veitingahússins og gerði sig þá líklegan að ráðast að ákærða á ný og hafði í frammi illyrði um hann. Þrír lögreglumenn voru þarna nærstaddir án þess að skerast í leikinn honum til verndar. Átöldu menn, er þarna voru viðstaddir, þetta aðgerðaleysi lögreglumannanna. Lét ákærði þá orð þau falla, sem hann er sóttur til refsingar fyrir. Þó að svo væri ástatt, sem hér var lýst, réttlætir það ekki ummælin að fullu, og verður ákærði að sæta refsingu fyrir þau eftir 108. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir hann ekki hafa unnið til refsingar samkvæmt 70. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929. Telst refsing ákærða samkvæmt 37. gr. laga nr. 33/1935 og 108. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 300 króna sekt til

rikissjóðs, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, varðhald 10 daga.

II. Ákærði Sveinn Benediktsson.

1. Honum er í fyrsta lagi gefið það að sök, að hann hafi farið inn í veitingahús á Siglufirði eftir lokunartíma þess aðfaranótt 20. ágúst 1944 og með því gerzt sekur við ákvæði 71. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929. Fór þar þá fram dansleikur, og verður ekki séð, að veitingamaður né þeir, sem stóðu að dansleiknum, hafi amast við komu hans né veru hans þar. Þykir því bresta heimild til að refsa ákærða fyrir brot á ákvæðum nefndrar greinar.

2. Er ákærði Jón Gunnarsson hafði mælt þau orð í garð lögreglumannanna, sem í héraðsdómi greinir, greip Þórður Ásgeirsson lögreglumaður í hægri öxl Jóns og ýtti honum eða hratt niður í stigann. Kveður ákærði Sveinn, að sér hafi þá virzt Þórður vera að henda Jóni niður stigann. Kveðst hann þá hafa gripið báðum höndum um Þórð, til þess að draga úr sveiflunni. Hvorki urðu Þórður né hinir lögreglumennirnir varir við þetta tak Sveins og telja það ólíklegt, en tvö vitni kveðast hafa séð það, og styðja þau þá frásögn Sveins, að hann hafi gripið um Þórð til að afstýra því, að Jón hrasaði niður stigann. Verður ekki talið, að ákærði hafi með þessu gerzt sekur við ákvæði 106. gr. laga nr. 19/1940.

3. Þá er ákærða Sveini gefið það að sök, að hann hafi í framhaldi af ofangreindum skiptum þeirra Þórðar farið á eftir honum niður stigann ásamt tveimur nafngreindum mönnum í því skyni að ráðast á Þórð. En ekki eru með skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, leiddar sönnur að því, að ákærði hafi gert nokkra tilraun til slíkrar árásar, og verður því að sýkna hann af þessum kærulið.

4. Næst verður það, að ákærði Sveinn, er hann var á útleið neðst í stiganum, hefur þau orð við Þórð, að framferði hans muni verða kært, og tjá vitni, að Sveinn hafi þá sagt, að þetta skyldi verða hans „banabiti“. Ákærði segir, að verið geti, að hann hafi viðhaft þetta orð, en þá auðvitað átt við það, að Þórður yrði rekinn úr lögreglustarfi sínu. Verður og orðið, eins og á stóð, ekki skilið á annan veg.

Framferði Þórðar þykir ekki hafa verið með þeim hætti, að það réttlæti að fullu þessi ummæli ákærða, sem varða við 108. gr. laga nr. 19/1940.

5. Á dómþingi 9. september 1944 var lesinn upp framburður Friðriks Sveinssonar lögreglumanns, og lýsti Sveinn hann ósannan og barði um leið í borðið. Kvaðst Friðrik þá geta unnið eið að honum, en ákærði svaraði því til, að vitnið færi þá til helvítis. Eru þetta meinyrði, sem ákærði hafði ekki ástæðu til að viðhafa, og varða þau við 108. gr. laga nr. 19/1940. En högg það í borðið, er að framan greinir, varðar ekki við almenn hegningarlög. Þykir refsing ákærða eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar athugast, að rannsókn málsins og meðferð þess í héraði hefur orðið að miklum mun viðtækari og umfangsmeiri en smábrot þau, sem ákærðu eru sakaðir um, gáfu efni til. Þykja ákærðu því ekki eiga að bera annan sakarkostnað en hér segir. Ákærði Jón Gunnarsson greiði $\frac{1}{3}$ hluta launa skipaðs talsmanns síns í héraði, er ákveðast kr. 300.00, og $\frac{1}{3}$ hluta málflutningslauna skipaðs verjanda síns í hæstarétti, er ákveðast kr. 1200.00. Ákærði Sveinn Benediktsson greiði $\frac{1}{3}$ hluta þóknunar talsmanns síns í héraði, er ákveðst kr. 300.00, og $\frac{1}{3}$ hluta málflutningslauna skipaðs verjanda síns í hæstarétti, er ákveðast kr. 1200.00. Allur annar kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00.

Ákvæði héraðsdóms um sekt á hendur talsmanni ákærða Sveins Benediktssonar í héraði staðfestast.

Rannsókn máls þessa í héraði hefur orðið miklu umfangsmeiri en efni stóð til, og ýmsum atriðum, sem ekki vörðuð málið, blandað inn í hana. Dómari hefur og haft þann óhæfilega hátt á rannsókninni að bóka eftir vitnum sóknaræður í stað þess að yfirheyra þau um þau atriði, er máli skiptu. Þá hefur og dómariinn lagt fram skjöl og haldið próf, er talsmanni ákærða Sveins Benediktssonar var ekki gefinn kostur á að sjá. En ekki þykir ástæða til að ómerkja

héraðsdóminn vegna þessa, þar eð skjöl þessi og próf ráða engu um úrslit málsins. Loks setti og dómari heimildarlaus skilyrði fyrir því, að máli ákærða Jóns Gunnarssonar yrði lokið með réttarsætt. Verður að vita þetta.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Gunnarsson greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 10 daga, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sveinn Benediktsson greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 5 daga, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sekt talsmanns ákærða Sveins Benediktssonar í héraði, hæstaréttarlögmanns Gottorms Erlendssonar, á að vera óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Jóns Gunnarssonar í héraði, Jóns Jóhannessonar, ákveðast kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda hans í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars B. Guðmundssonar, ákveðast kr. 1200.00. Af þessum fjárhæðum greiði ákærði Jón Gunnarsson $\frac{1}{3}$ hluta, kr. 500.00.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Sveins Benediktssonar, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast í héraði kr. 300.00 og í hæstarétti kr. 1200.00. Af þessum fjárhæðum greiði ákærði Sveinn Benediktsson $\frac{1}{3}$ hluta, kr. 500.00. Allur annar kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 28. október 1944.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar og réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóni Gunnarssyni framkvæmdarstjóra, Siglufirði, fyrir að hafa aðfaranóttina 27. ágúst s. l. neytt áfengis og veitt án vinveitingaleyfis í veitingastofu í Hótel Hvanneyri, Siglufirði, og með því gerzt brotlegur gegn 17. gr. áfengislaganna.

Þá er og mál þetta höfðað gegn fyrrgreindum kærðum fyrir að hafa haft þau skammaryrði við lögregluna: „lögregla Siglufjarðar hefur verið einkisvirði og er það enn“, og að kærður með því hafi gerzt sekur um ofsalegt atferli og hávaða samkvæmt 70. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar og 108. gr. hegningarlaganna.

Með sömu stefnu er af valdstjórnarinnar og réttvísinnar hálfu höfðað mál gegn Sveini Benediktssyni, formanni stjórnar Sildarverksmiðja ríkisins, til heimilis í Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt 20. ágúst s. l. í óleyfi farið inn á dansleik í Hótel Hvanneyri eftir lokunartíma og fyrir að hafa með því gerzt brotlegur gegn 71. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðarkaupstaðar og fyrir að hafa nóttina þ. 27. ágúst s. l. gert tilraun til þess að hindra Þórð Ásgeirsson lögregluþjón í starfi og í áheyrn fjölda fólks haft í frammi við Þórð Ásgeirsson ofsalegt framferði og hávaða, er greindur lögregluþjónn var að vinna störf sín, og með því virzt hafa gerzt brotlegur gegn 106. gr. og 108. gr. hegningarlaga, og fyrir í lögreglurétti Siglufjarðar að hafa haft við lögregluþjón Friðrik Sveinsson, er lýst hafði yfir því, að hann vildi sverja framburð sinn, þau skammaryrði, að vitnið færi til helvítis, ef það særi framburð sinn, og í því sambandi haft í frammi ofsalegt og móðgandi framferði í réttinum með því að berja bylmingshögg í borðið, sem dómari sat við, og líka með þessu hafa gerzt brotlegur við 108. gr. hegningarlaganna.

Þá er og báðum kærðum stefnt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærður Jón Gunnarsson hefur krafizt, að dómariinn viki sæti.

Í fyrsta lagi af því, að sami maður sem sé dómari hafi ráðið Þórð Ásgeirsson sem lögregluþjón, en Þórður hafi biðdóm og hafi hrint sér niður stiga á Hótel Hvanneyri. Dómariinn hafi því eigi óvilhalla afstöðu til þess að dæma verk slíks lögregluþjóns, heldur sé ástæða til þess að ætla, að dómariinn haldi hans taum.

Í öðru lagi af því, að eftir framburði eins vitnis hafi áfengisneyzla farið fram í danssal, þar sem dómariinn hafi verið viðstaddur „við og við“, en hann „látið afskiptalaust“.

Um útnefningu Þórðar ber að líta á, að biðdómur Þórðar var eldri en 5 ára, er hann var ráðinn lögregluþjónn, og hafði, áður en hann var ráðinn í sumar, verið lögregluþjónn hjá 2 lögreglustjórum og hjá þeim getið sér hinn beztu orðstír. En jafnvel þótt aðfinnsluvert hefði þótt, að dómariinn hefði ráðið Þórð sem lög-

regluþjón, þá væri þar fyrir engin skynsamleg ástæða fyrir dómara að halda taum lögregluþjóns, er líkt stæði á fyrir, heldur jafnvel þvert á móti.

Að því er snertir vitnisburð eins vitnis um, að áfengisneyzla hafi átt sér stað í danssal, þar sem dómariinn hafi verið viðstaddur „við og við“, en hann „látið áfengisneyzluna afskiptalaus“, þá virðist tilvísun til þess ekkert samband geta átt við viðhorf dómars til þessa máls.

Það, að dómari, sem er að skemmta sér við spil utan danssals, komi í danssalinn, — jafnvel „við og við“ — og verði ekki var við áfengisneyzlu í danssalnum — frekar en ýmsir aðrir, sem voru alltaf í danssalnum og hafa borið, að þeir hafi ekki orðið varir áfengisneyzlu í danssalnum, ætti torveldlega að geta haft áhrif á viðhorf dómars til áfengisneyzlu kærðs í veitingasal, sem bæði hefur verið kært yfir og játuð af sakborning sjálfum. Verður því að telja, að engin ástæða sé fyrir dómara að víkja sæti fyrir kröfur kærðs Jóns Gunnarssonar og talsmanns hans.

Talsmaður kærðs Sveins Benediktssonar gerir kröfur til þess, að málshöfðun verði látin niður falla, en því næst, að „dómariinn eigi að víkja sæti í málinu“.

Fyrir þessari kröfu sinni tilfærir hann sem ástæður:

1. Að í málinu hafa ekki verið leidd sem vitni kona Jóns Gunnarssonar, Njáll Þórðarson, skipstjóri á m/b Fylki, og Júlíus Þórðarson. Júlíus Þórðarson er af 3 lögregluþjónum, þar á meðal 2 eiðfestum, talinn hafa verið áberandi ölvaður. Framburður hans er því þýðingarlaus fyrir kærða. Auk þess er Júlíus kærður.

Njál Þórðarson vill talsmaður láta bera um þá sök kærðs, að hann hafi án leyfis farið inn á dansleik eftir lokunartíma. Sú sök er fullsönnuð í málinu, svo sem sýnt mun verða, og þessi maður meðsekur kærðum um það. Konu Jóns Gunnarssonar vildu kærður Jón Gunnarsson og Sveinn Benediktsson ekki leiða, er dómariinn spurði þá að því, en taldi framburð hennar ósennilegan til þess að geta haft þýðingu fyrir málið, að ástæða væri til þess, að dómariinn léti leiða hana gegn vilja manns hennar.

2. Þórði lögregluþjóni sé „gefið tækifæri til þess að kynna sér réttarbókina utan réttar“. Þetta er alveg tilhæfulaus fullyrðing. Dómariinn ætlaði að láta Þórð bera fyrir sig bókina og ætlaði að verða samferða niður á varðstofu frá Hótel Hvanneyri. Í rannsókninni hefur verið upplýst, að Þórður bar bókina aldrei lengra en niður stigann á Hótel Hvanneyri og út fyrir dyrnar, þar sem dómariinn tók við bókinni, og var í samfylgd með dómara um þenna spöl og fékk ekkert tækifæri til að kynna sér réttarbókina.

3. Yfirheyrslurnar á lögregluþjónunum séu lögleysur. Þeir séu látnir koma fyrir lögregluréttinn hvað eftir annað og ekki aðeins gefa skýrslur um málsatvik, heldur látnir koma fram með sóknarræður, og dómariinn láti hafa sig til þess að bóka þær. Það ætti nú út af fyrir sig ekki að teljast lögleysa, er varðaði ógildingu málshöfðunar, þótt lögregluþjónarnir væru „hvað eftir annað látnir koma fyrir rétt, en auk þess mun með hverju móti þeirra eitthvert málsatvik hafa skýrzt betur en áður. Það er kærður Sveinn Benediktsson, sem með árás sinni á vitnið Friðrik Sveinsson í réttarhaldinu 9. september gefur tilfni til þess, að vitnið Friðrik Sveinsson fær bókað, og líka sú fullyrðing kærðs í réttarhaldinu 12. sept., að sú hætta sé á, að vitnið Friðrik Sveinsson beri í brjósti óvild til sin og meðkærðs (Jóns Gunnarssonar) vegna þess að bróður vitnisins hafi verið vikið úr starfi við SR. vegna drykkjuskapar hans. Bókun vitnisins Friðriks Sveinssonar snýst um, að hann beri enga óvild til hinna kærðu útaf brottvikningu bróður hans, sem vitnið telur sjálfsagða, þótt fyrr hefði verið, og fer ýtarlega út í það atriði og út í ummæli kærðs í réttarhaldinu 9. sept. s. l. um að vitnið færi til helvítis, ef það særi. Þar sem þessi árás kærðs var líka persónuleg árás á vitnið, verður að telja það enga „lögleysu“, þótt vitnið fái bókun út af þessari árás og sé leyft í réttinum að krefjast þess, „að tekið verði fyrir í opinberu máli“, „hvort eigi beri að sekta Svein Benediktsson fyrir framkomu sína“, o. fl. þessu viðvikjandi. Þetta kallar talsmaðurinn „sóknarræður“ vitna, sem leiða eigi til ógildingar málsins. Verður eigi séð, að slík krafa sé að nokkrum rökum hjá talsmanninum. Nú verður það að teljast æskileg upplýsing í málinu og því alls ekki óviðkomandi, bæði hvernig vitnið tekur því, að gefið sé í skyn, að hann kynni að vera óvildarmaður hinna kærðu, og hvernig hann tekur árás kærðs 9. sept. á vitnið.

Það getur ekki talizt sóknarræða, þótt viðhorf vitnisins til brottrekstrar bróður vitnisins upplýsist, og það virðist ekkert við opinberan rekstur máls að athuga, þótt vitni fái að lýsa aðstöðu sinni til brottrekstrar bróður síns og þeirra manna, sem gefið er í skyn, að vitnið kunni að vera óvildarmaður.

Þótt það að visu hafi engin áhrif á spurninguna, hvort framkoma kærðs (S. B.) 9. sept. sé saknæm eða ekki, þá hefur það jafnan nokkur áhrif á sektarupphæðina, hvernig sá, sem sérstaklega er misgert við, tekur afbrotinu, hvort hann vill fyrirgefa það og láta sinn rétt niður falla eða hvort hann krefst refsingar að lögum, þótt viðhorf vitnisins til þessa sakaratriðis kærðs engin áhrif geti haft á sjálft refsinaemi framferðis kærðs, hlaut það ekki að vera þýðingarlaust fyrir refsihæðina. Bókun

vitnisins út af þessum atriðum er því ekki eins óviðkomandi málinu, eins og talsmaður vill vera láta, og engan veginn það „einsdæmi“, er leiða ætti til ógildingar málsins, jafnvel þótt bókunin hefði verið óþörf, sem nú virðist ekki vera.

4. Lögregluþjónn Jóhannes Þórðarson og Friðrik Sveinsson séu vilhöll vitni, og sé þá sönnun fyrir broti kærðra ekki fyrir hendi og eigi málssóknin því að falla niður. Jóhannes sé bróðir Davíðs Þórðarsonar, er slegið hafi til Jóns Gunnarssonar inni í danssal. Eigi verður séð, hvers vegna Jóhannes af þeim atburði á að vera óbær að vitna um aðra atburði, sem Davíð bróðir hans á enga hlutdeild í eða verður gefið að sök. Um vitnið Friðrik Sveinsson er áður rætt. Að hann sé óvildar- maður kærðra af því að þeir hafi látið reka bróður hans frá starfi vegna drykkjuskapar hans verður af engu ráðið. Vitnið telur frávikningu bróður síns sjálfsagða. Það verður því eigi talið, að umrædd vitni séu ekki fullgild, og álizt því rétt, að málshöfðun geti því eigi fallið niður vegna þess, að eigi megi á framburði þeirra byggja.
5. Hlutdrægnin í meðferð málsins ætti að leiða til þess að álitni talsmanns kærðs Sveins Benediktssonar, að málssókn félli niður eða dómariinn viki sæti. Þetta er auðvitað sjálfsagt, ef um hlutdrægni er að ræða. Talsmaðurinn segir: „Þeir, sem telja sig hafa ákærvaldið á Siglufirði, eru mjög hlutdrægir.“ Það er eigi vitað fyrir vist, hvort talsmaðurinn með þessu á við lögregluna eða dómaraann, nema hvorttveggja sé, sem dæmin helzt benda til.

„Ákærvaldið“ virðist ekki vera nema hjá dómaraannum, er getur ákveðið, hvort höfða eigi opinber mál, en lögreglan hefur ekkert ákæru„vald“. Hún getur kært hvern mann, er hún telur brotlegan, eins og hver borgari getur gert.

Þessu til sönnunar tilfærir svo talsmaðurinn eftirfarandi dæmi:

- a. Júlíus Þórðarson hafi eftir framburði lögreglunnar tekið utan um lögregluþjón Þórð Ásgeirsson og verið ölvaður eftir framburði lögreglunnar. Hvers vegna sé hann ekki kærður. Dómariinn getur þess, að lögreglan hefur kært mann þenna, en er dómariinn ætlaði að fá hann í rétt, var hann veikur talinn, og er dómariinn ætlaði litlu síðar að ná í hann, var hann farinn úr lögsagnarumdæminu. Dómariinn taldi þá beztt að ljúka máli þessu áður en hann framsendi kærana ásamt útskrift úr þessu máli, er máli skipti fyrir Júlíus Þórðarson.
- b. Talsmaður kærðs spyr um, hvers vegna Björn Gottskálks- son sé ekki kærður.

Björn Gottskálks-son ætlaði dómariinn að hafa í fram-

haldsrannsókn, en hann fór héðan áður en það færi fram, og hætti dómariinn þá við að láta þessa málshöfðun ná til hans, heldur höfða sérstakt mál gegn honum, eins og Júlíusi Þórðarsyni.

- c. Talsmaður kærðs spyr um, hvers vegna Davíð Þórðarson, sem hafi slegið til Jóns Gunnarssonar, hafi ekki verið kærður. Rannsókn málsins ber það með sér, að lögreglan vissi ekkert um það fyrr en eftir að kærðir höfðu borið það fyrir rétti. Síðan hefur dómariinn yfirheyrt Davíð Þórðarson og sektað án kærú. Þá spyr talsmaður kærðs, hvers vegna að
- d. *Njáll Þórðarson*, skipstjóri á Fylki, sem fór í óleyfi með kærðum Sveini Benediktssyni inn á dansleik eftir lokunartíma, hafi ekki verið kærður. Kærandinn telur, að það hafi verið bæði af því, að hann vissi ekki, hvað maðurinn hét, en auk þess hafi Njáll þá legið veikur á Húsavík.

Þá spyr talsmaðurinn, hvers vegna dómariinn

- e. leitaði upplýsinga hjá lögreglustjóra í Keflavík og Akranesi, en ekki í Rvk. Hvers vegna sé dómariinn „að reyna að breiða yfir“, að Þórður hafi hlotið biðdóm í Rvk vegna afbrota sinna, sem dómaranum muni kunnugt um. 13. sept. sendir dómariinn símskeyti til Rvk um að fá afrit af biðdómi Þórðar lögregluþjóns, fær afritið, sem lagt er fram í þessu máli. Að visu vissi talsmaðurinn ekki um, að dómariinn hefði reynt 13. sept, s. l. að afla afrits af biðdómnum, en talsmanni heimilar það ekki að bera dómara á brýn, að hann sé „að reyna að breiða yfir þetta“, því að með þeim orðum er dómara borin hlutdrægni á brýn. Þótt afrit af dómnum hefði ekki verið lagt fram í málinu, hefði það getað stafað af allt öðrum ástæðum en að dómariinn vildi „reyna að breiða yfir þetta.“

Svo klykkir talsmaðurinn út á eftir dæmum sínum og segir: „Allt þetta sýnir, að ákærvaldinu er beitt með dæmafárri hlutdrægni“, „kæurnar einungis bornar fram í því skyni að draga athyglina frá afglöpum lögreglunnar“. Dómariinn litur svo á, að hin tilvitnuðu ummæli talsmannsins um hlutdrægni sé ósæmilegur málflutningur, er varði talsmanninn, hrm. Guttorm Erlendsson, sekt, er álízt hæfileg 60 kr., er greiðist í ríkissjóð, til vara sæti talsmaðurinn, hrm. Guttormur Erlendsson, 2ja daga varðhaldi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Hins vegar virðist dómaranum það áfátt hjá lögreglunni, að hún skyldi ekki hefja rannsókn um allan danssalinn eftir tómu vínlöskum, er hún tók og taldi flöskurnar undan borði Jóns Gunnarssonar, þótt hóteltjóri gæfi lögreglunni sérstakt tilefni til athugunar þess borðs, eins og rannsókn málsins greinir. En

þar fyrir þarf það ekki að stafa af hlutdrægni, eins og talsmaðurinn vill vera láta, en að þetta gefi heldur ekki tilefni til þess að láta málshöfðun niður falla.

6. Kærðir séu sóttir til sakar eftir ákveðnum *lagagreinum* hegningarlaganna, en ekki eftir ákveðnum *köflum* hegningarlaganna, eins og venja sé til. Telur talsmaðurinn eftir lagaskýring sinni það vera aðfinnsluvert, sem eftir framsetningu hans að dæma virðist eiga að styðja þá kröfu hans, að málshöfðun eigi að falla niður og þá helst fyrir, að hún sé ólögleg. Við a. m. k. 3 norræna háskóla er þeirri kenning haldið á lopti, að réttara sé að tilgreina sök kærðs svo greinilega sem frekast er unnt, svo að taki til ákveðinna lagagreina, en láta sér ekki nægja að vísa til kafla laganna eingöngu. Við þetta embætti hefur þessiari reglu, að vísa til ákveðinna lagagreina, ávallt verið fylgt í opinberum stefnum og hæstiréttur aldrei fundið að, og henni mun víða fylgt við héraðsdómana í landinu, þótt dómsmálaráðuneytið hafi almennt fylgt hinni reglunni — þó ekki alltaf — og fyrir 1904 var lagagreinareglunni jafnan fylgt af háyfirvöldunum á Íslandi þá. Lagagreinareglan er í þágu þeirra sakbornu, kaflareglan fremur þeim kærðu í óhag, en dómáranum til hagræðis, enda tekin upp sem hagræðisstefna fyrir ákærvaldið. Það, að sök kærðra væri — eftir ætlun talsmannsins óþarflega — greinilega ákveðin til lagagreiningar, gæti að eðlilegum rökum torveldlega leitt til frávisunar máls eða niðurfellingu sakar, nema að því leyti, að hinir kærðu kynnu að verða fremur sýknaðir, sem sé ef hinn endanlegi dómur slægi föstu, að sökin heyrði ekki til hinna ákveðnu lagagreina, þótt hún heyrði undir aðrar lagagreinar sama kafla.

Dómarinn lítur því svo á, að ekki geti komið til mála, að fullyrðing talsmannsins um þetta efni eigi að hafa í för með sér, að málshöfðun falli niður.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina:

A: Hjá Jóni Gunnarssyni:

Aðfaranótt 27. ágúst s. l. fer Jón Gunnarsson, framkvæmdarstjóri Sildarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, inn á hótél Hvanneyri með 20 gesti og neytir þar 8 fleyga af whisky með 16 gestanna, án vínveitingaleyfis. Er hann hefur verið um stund, fer hann að dansa, en á meðan kemur einn maður, Davíð Þórðarson, sem átt hafði áður í útistöðum við Jón, að borði hans og til eins gestanna, er hann þekkti vel, og fór að tala við gestinn án þess þó að setjast hjá honum. Hefur Davíð Þórðarson síðar sagt, að hann hefði vegna fyrri deilna þeirra á milli, kærðs og hans, ekki komið að borðinu, ef hann hefði vitað, að það væri borð Jóns Gunnarssonar, en hafi engan séð við borðið nema mann þann, er hann gaf sig á tal við. Nú kemur kærður frá dansinum og að borðinu og segir

við gest sinn, er maðurinn var að tala við á þá leið, að hann óskaði, að maðurinn færi frá borðinu, en er kærður segir þetta, fær hann frá Davíð Þórðarsyni högg á ennið, og kenndi hann til. án þess að bólgnæði eða blóð kæmi. Gengu nú margir á milli, og varð ekki meira að áverkum. Kærður snýr sér þá til hótélstjóra og vill fá Davíð rekinn út úr danssalnum. En fær ekki aðgert. Hótélstjórinn segir kærðum, að þar sem hann hafi ekki verið sjónarvottur að viðureigninni, geti hann ekki látið reka manninn út, og virtist kærðum hafa gramizt þetta, svo sem og eðlilegt var. En við lögregluna, sem hafði vörð fyrir utan danssalinn, minnstist hvorki kærður né nokkur annar á þetta. Dómarinn hefur við rannsókn máls þessa yfirheyrt manninn, er veitti kærðum ennishöggid, og sektað fyrir.

Kærður hefur sjálfur viðurkennt að hafa neytt áfengis inni í danssalnum, veitingasalnum, og veitt áfengi án vínveitingaleyfis úr 8 whiskífleygum 16 gesta sinna. Hafi því alls í hóp þessum 17 manns, að meðtöldum kærðum, neytt áfengis ólöglega. Nú hefur kærður neitað að gefa upp nöfn gesta sinna, og þótt það sé að einu leyti mjög skiljanlegt, þá eykur það refsingu kærðs. Lágmarksrefsing þeirra, er neyta vins ólöglega í veitingasal — án þess að fyrir liggi vínveitingaleyfi — er 25 kr. samkvæmt 37. gr. áfengislaganna. Verður að telja, að miða verði sekt kærða við lágmarkssektir 16 neytenda, sem hann vill ekki nafngreina og með því torveldar því opinbera að hafa upp á og jafnvel útilokar að nokkru leyti. En telja verður, að sök þess, er bæði veitir og neytir áfengis, sé meiri en þess, er aðeins neytir. Og að veita 16 mönnum áfengi í veitingasal sé allmikið brot. Er hæfilegt að telja, að sekt sú, sem kærður með þessu athæfi sínu hafi unnið til, sé hæfilega ákveðin 500 kr. í Menningarsjóð, til vara skuli hann sæta 16 daga varðhaldi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Að lokum heldur kærður út úr danssalnum og ætlar af skemmtuninni og er nálægt stigaopinu, þar sem Þórður Ásgeirsson lögregluþjónn heldur vörzlu. Segir hann þá til Þórðar eða við Þórð, um leið og hann er kominn að því að stiga niður í stigann: „Lögregla Siglufjarðar hefur verið einskis virði og er það enn“. Þegar hér er komið, er sakarferill kærðs úti, og hann gerir ekki meira af sér, en frá því, sem gerist næst þessu, verður sagt er greint verður frá málavöxtum hins sökunautsins, kærðs Sveins Benediktssonar. Þórður Ásgeirsson lögregluþjónn var þarna að gegna skyldustarfi sínu, lögregluvörzlu, og þótt útidyravarzlan, sem jafnframt er lögregluvarzla, væri ekki talin skyldustarf, sem þó er rétt að telja, þá eru ummæli kærðs Jóns Gunnarssonar líka skammaryrði útaf starfi lögreglunnar hér, sem er saknæmt eftir 108. gr. hegningarlaganna. Hér var fjöldi fólks samankomið, nokkrir, ef ekki

margir, undir áhrifum vins, þótt varla virðist hafa verið ölvaðir nema 2 þeirra.

Svona ögrun og aðkast til lögreglunnar er lagið til þess að æsa samkomugestina upp gegn lögreglunni, enda þótt full ástæða sé til þess að ætla, að þau séu ekki sögð í því skyni, heldur vegna gremju útaf óverðskuldaðri árás, er kærður varð fyrir inni í veitingasal og sett hefur kærðan útaf jafnvæginu. Kærðum átti samt að vera ljóst, að orð hans gátu haft allt önnur áhrif á fjöldann en hann ætlaðist til. Honum mátti og ljóst vera, að þau voru mjög ómakleg í garð lögreglunnar, ef þau voru útaf gremju vegna árásarinnar á kærðan í veitingasalnum, sem kærðum átti af viðtali við veitingastjóra að vera ljóst, að lögreglan vissi ekkert um eða a. m. k., að mjög ólíklegt væri, að hún vissi nokkuð um.

Kærður, sem kominn er á lögaldur sakamanna, hefur áður engri refsingu sætt.

Verður að telja, að refsing sú, sem kærður með þessu hafi unnið til, sé hæfilega ákveðin 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara 13 daga varðhald, ef sektin eigi er greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður hefur með miklum ákafa heimtað og sett í gang rannsókn um áfengisneyzlu í veitingasölum veitingahúsa í bænum. Þótt nokkurs áróðrar kenni við vottorðasmölun í þessu efni, hafa þó upp úr þessari rannsókn fengizt sannanir fyrir, að áfengisneyzla í pukri eigi sér stað í veitingasölum meira og minna. En þótt svo sé, hlýtur öllum, sem áfengis neyta í veitingasal, að vera ljóst, að hér sé um brot á áfengislögum að ræða, enda nokkrum sinnum á undanförunum árum sektað fyrir slíkt brot.

Brot kærðs verður ekkert minna fyrir það, þótt aðrir brjóti líka.

Er það misskilningur einn, að slíkt geti leitt til sýknu kærðs, eins og hann og talsmaður hans virðist ganga út frá, þótt aðrir fremji líkt lagabrot. Virðist þó veiting áfengis hjá kærðum í veitingasal í svo stórum stil, er raun á varð, taka fram öðrum brotum, sem upplýst er orðið um við rannsóknina.

B: Hjá Sveini Benediktssyni:

1. *Eftir framsetningu kærðs sjálfs:*

a: Hann hafði aðfaranótt 20. ágúst s. l. farið inn á dansleik á Hótel Hvanneyri með mann og eftir lokunartíma án leyfis lögreglunnar, en með leyfi hóteltjórans. Við framhaldsrannsókn í málinu hefur hóteltjórinn neitað því að hafa leyft honum inngöngu, og kærður að mestu fallið frá þeirri staðhæfingu. Lögreglan hafi hleypt honum inn um útidyr hótelsins, enda geti verið, að hann hafi sagt við lögregluna, sem hafði vörð við útidyrnar: „við búum hér“, eins og lögreglan, sem hélt vörð við útidyrnar, heldur fram. Talsmaður kærðs heldur fram, að lögreglan viðurkenni að hafa

leyft honum að fara inn á dansleikinn, en það á enga stoð í rannsókn málsins.

- b: Þegar kærður Jón Gunnarsson gengur að stigaopinu og segir hjá Þórði Ásgeirssyni hin fyrrgreindu orð undir A: „Lögregla Siglufjarðar hefur verið einskis virði og er það enn“, þá þrifi Þórður Ásgeirsson lögregluþjónn í Jón Gunnarsson um leið og hann kalli: „Út og niður með hann“, og hafi kærðum virzt, að Þórður lögregluþjónn væri að hrinda Jóni niður stigann, en þá gripi kærður, sem var þá í 1. og 2. þrepi stigans — að hann fullyrðir, en kemur í bág við framburð 2ja eiðfesta lögregluþjóna — *báðum höndum utan um Þórð lögregluþjónn*, undir hendur honum, og stöðvist þá að mestu leyti „sveiflan, sem Þórður setti á Jón, er hann var að hrinda honum niður stigann, svo að Jón staðnæmdist í beygju, sem er um miðjan stigann.“ Kærður og Þórður lögregluþjónn hafi dregizt niður stigann um 2—3 þrep „við það að kærður“ „tekur utan um Þórð“, en þá sleppi kærður „takinu á Þórði“. „En þegar niður í beygju stigans kemur, snéri Þórður sér við, tekur upp kylfuna og ætlar að berja Jón og Svein með kylfunni.“

„Ekki tæki“ kærður „eftir því, að Þórður segði þá neitt“. Kærður gangi svo niður stigann og segi við Þórð lögregluþjónn, „að þetta framferði hans myndi verða kært“ og myndi kosta það, að hann yrði rekinn úr lögreglunni, en kærður muni ekki til að hafa viðhaft þau orð, er kæran greini, en þó geti verið, að hann hafi viðhaft orðið „banabiti“, og þá átt við í lögreglustarfi Þórðar.

Kærður kveðst hafa gripið utan um Þórð lögregluþjónn til þess að verja Jón Gunnarsson falli og þannig fyrirbyggja slys.

- d: Þá viðurkennir mættur í réttarhaldi 9. sept. við rannsókn málsins að hafa barið *bylmingshögg í borðið, sem dómarinn sat við, og sagt, að vitnið færi til helvís, ef það særi framburð sinn.*

2. Eftir framburði lögregluþjónanna:

- a: Samkvæmt kæru lögregluþjóns Jóhannesar Þórðarsonar hefur kærður aðfaranótt 20. ágúst s. l. farið inn á dansleik eftir lokunartíma og í óleyfi (og virðist heldur ekki hafa greitt aðgangseyri). Hann bjó ekki á hótelinu eða maðurinn, sem með honum var, en lögreglan hleypti honum inn um ytri dyr hótelsins (— ekki inn í danssalinn —) af því að hann sagði: við búum hér. Kærður viðurkennir, að vel geti verið, að hann hafi viðhaft þessi orð, — en að visu segir hann — til þess að lægja óánægju þeirra, er fyrir utan voru og vildu komast inn. Verður því að telja sennilegt, að þessi

orð hafi fallið, en hvað sem þeim liður, er það a. m. k. óbyggjanlegt, að kærður hafi eftir lokunartíma farið í óleyfi inn á dansleik (og það, sem hann ekki er sóttur til sakar fyrir: án þess að greiða inngangseyri) og með því gerzt brotlegur gegn 71. gr. lögreglusamþykktar bæjarins. Að visu segir talsmaður kærðs, að lögregluþjónninn (J. Þ.) hafi leyft honum inngöngu í danssalinn, en það er misskilningur. Hann leyfði honum inngöngu í hótelið (af því að hann gekk út frá, að kærður byggi á hótelinu, eins og hann upplýsti við lögregluþjónninn). En hann varð þess ekki var fyrir en síðar, að kærður væri kominn inn á dansleikinn, en gat þá ekki snúizt við að láta hann fara út vegna annarra mikilvægra lögreglustarfa.

Kærður hefur fyrir 5 árum, 26. ágúst 1939, sætt ákæru fyrir sams konar brot, en þá verið sleppt með áminningu. Verður að telja rétt með tilliti til þess, að hér sé um ítrekað brot að ræða, að dæma kærðan til þess að greiða 30 kr. sekt í bæjarsjóð, til vara sæta 2ja daga varðhaldi, ef eigi greitt innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

b: *Eftir framburði Þórðar Ásgeirssonar lögregluþjóns* eru málavextir þessir: Þegar Jón Gunnarsson á loptsskórinni hafði við Þórð mælt hin tilvitnuðu skammaryrði í garð lögreglunnar („lögregla Siglufjarðar hefur verið einskis virði og er það enn“) grípi hann vinstri hendi í hægri öxl Jóns Gunnarssonar og færi hann, ýti honum, niður í stigann og sleppi takinu, en hann (Jón Gunnarsson) snúi sér við í 3. eða 4. þrepi stigans, og af því megi sjá, að honum hafi ekki verið ýtt með miklu afli, því síður hrint. Hafi hann um leið og hann greip í Jón sagt honum, að hann skuli fara út. Ætlar svo lögregluþjónn Þórður að fara niður stigann til þess að opna útihurðina og loka á eftir, en þá grípi Júlíus Þórðarson utan um handlegg sér aftan frá (að baki sér), en hann rífi sig af honum og haldi niður stigann, en þá kæmi þeir Sveinn Benediktsson, Björn Gottskálksson og Júlíus Þórðarson á eftir honum með miklum hávaða og, að því er lögregluþjóninum virtist, í árásarhug. Lögregluþjónninn snýr sér þá við í stiganum, tekur til kylfunnar og snýr sér gegn þeim, er að baki hans voru og hann taldi af aðförum þeirra vera í árásarhug á sig, reiðir upp gegn þeim kylfuna og segir á þá leið, að þeir tækju afleiðingunum, ef þeir höguðu sér ekki eins og menn, en þá námu þeir staðar og stilltust, en lögregluþjónninn snýr aftur við til þess að fylgja Jóni Gunnarssyni að dyrunum. Lögregluþjónninn heldur fast fram, að það hafi verið Júlíus Þórðarson, sem hafi tekið utan um handleggi sér og hann slitið sig af, en ekki hafi

hann fundið, að kærður Sveinn Benediktsson hafi tekið utan um sig, undir hendur sér. Hann vilji ekki fortaka, að Sveinn Benediktsson hafi eitthvað tekið á sér, en hann ekki orðið þess var. Þarna voru á verði líka lögregluþjónarnir Friðrik Sveinsson og Jóhannes Þórðarson, og ber framburður þeirra í öllu, er máli skiptir, nákvæmlega saman. Hefur framburður lögregluþjónanna Friðriks og Jóhannesar verið eiðfestur.

c: Framburður Jóhannesar Þórðarsonar lögregluþjóns:

Hann hafi staðið rétt hjá Þórði Ásgeirssyni lögregluþjóni, er Jón Gunnarsson kom að Þórði og staðnæmdist lítið eitt á loftskörinni og sagði margtilvitnuð orð. Þá grípi Þórður vinstri hendi í hægri öxl Jóns og segir: „Þér skuluð fara út“, og ýti Þórður með hægð Jóni niður stigann, en hrindi ekki. Þegar Þórður sé að sleppa vinstra handartakinu — hann geti ekki fullyrt, hvört hann hafi sleppt því — ræðst Júlíus Þórðarson aftan að Þórði og tekur að baki Þórðar utan um handleggi Þórðar, en Þórður snýr sér við og slítur sig af Júlíusi en snýr sér aftur við og heldur niður stigann á eftir Jóni (til þess að opna og loka útihurðinni). Þegar Þórður er kominn niður í stigann, ryðjast þeir Júlíus Þórðarson, Björn Gottskálksson og Sveinn Benediktsson með hávaða niður stigann að Þórði, snýr Þórður þá sér við að þeim, er þeir eru komnir fast aftan að honum, tekur upp kylfuna og segir við þá á þá leið, að þeir taki afleiðingunum, ef þeir hagi sér ekki eins og menn. Þeir stöðvast og stillast, er Þórður segir þessi orð, en Þórður stingur kylfunni aftur í vasann um leið og hann snýr sér við til þess að fara aftur á eftir Jóni. Jóhannesi virtist Þórður haga sér kurteislega, en ákveðið, við Jón og féлага hans.

d: Framburður lögregluþjóns Friðriks Sveinssonar er á þessa leið:

Þegar Jón Gunnarsson kemur til Þórðar lögregluþjóns og segir við hann hin tilvitnuðu skammaryrði í garð lögreglunnar, tekur Þórður vinstri hendi í hægri öxl Jóns og ýtir honum niður í stigann, svo að hann fer 3—4 þrep niður í stigann. En um leið og Þórður færir Jón þessi þrep niður í stigann, ryðjast þeir Sveinn Benediktsson, Björn Gottskálksson og Júlíus Þórðarson að Þórði, og Júlíus tekur utan um handleggi Þórðar, en Þórður slítur sig af honum og heldur niður stigann eftir Jóni. En Sveinn Benediktsson, Júlíus Þórðarson og Björn Gottskálksson halda á eftir Þórði með miklum hávaða. Í stiganum snéri hann við gegn þeim og hóf upp kylfuna og sagði á þá leið: „að hann myndi nota kylfuna, ef þeir höguðu sér ekki skikkanlega“. Hugði Frið-

rik, að þeir myndu rjúka í Þórð. Friðrik var þarna nærstaddur og talaði til þeirra eitthvað á þá leið: „eru þetta siðaðir menn“, og bæði við aðfarir Þórðar og ávarp Friðriks virtust menn þessir stillast. Friðrik telur ekkert athuga-vert við framkomu Þórðar og telur hafa verið réttmætt, þótt Jón Gunnarsson hefði verið látinn út af hótelinu vegna um-mæla sinna, er vel gátu æst mannfjöldann upp gegn lögreglu-nni. Átti lögreglan þarna fullt í fangi með að halda þarna reglu, þótt ekki bættist við ögrun sú gegn lögreglunni, sem orðin gátu leitt til. Þórður hafi snúið baki við Jóni Gunnarssyni, er hann tók til kylfunnar, og því með kylfunni ætl-að að slá, Svein, Björn og Júlíus — ef á hefði þurft að halda — en ekki „Jón og Svein“, eins og kærðir haldi fram. Jón hafi í stiganum ekki sýnt sig í nokkrum mótþróa gegn lögreglunni, og því ekki ástæða til að beita kylfu gegn hon-um, enda hafi Þórður ekki gert sig líklegan til þess.

Þrátt fyrir margendurteknar yfirheyrslur kærðs og lögreglu-þjónanna, ber mikið á milli.

Það er rétt hjá kærðum Sveini Benediktssyni, að ef hefði legið við slysi á Jóni Gunnarssyni af taki Þórðar á honum, hefði honum og félögum hans verið heimilt að rísa gegn lög-regluþjónunum, sem væri að valda slysinu, og hafa slíkar máls-bætur sem ástæðu fyrir sýknu. En til þess að slíkar málsbætur nægðu þeim til sýknu, hefðu þeir orðið að sanna eða a. m. k. færa miklar líkur fyrir, að afleiðingar taksins yrði að slysi fyrir Jón Gunnarsson, ef ekkert væri gert því til hindrunar.

Nú hefur kærður ekki einu sinni reynt að færa líkur fyrir slíku, heldur eru í framburði lögregluþjónanna miklar líkur fyrir því, að Þórður hafi annað hvort verið búinn að sleppa taki sínu á Jóni eða verið alveg að sleppa takinu, þegar kærður og félagar hans veitast að Þórði lögregluþjóni, enda hefur tak Þórðar á Jóni eftir framburði 2ja lögregluþjóna ekki verið þesslegt, að líklegt væri, að slysi ylli á Jóni Gunnarssyni.

Framburður kærðs er og um sumt mjög ósennilegur. T. d. kveðst kærður ekkert hafa veitt því eftirtekt, að Júlíus Þórðar-son hafi tekið utan um Þórð lögregluþjón, utan um handleggi hans aftan frá.

Slíkt verður þó að telja sannað með samhljóða vitnisburði 3ja lögregluþjóna og eiðfest af tveim. Sjálfur segist kærður hafa tekið utan um Þórð lögregluþjón, undir hendur hans, en samt fer það fram hjá kærðum, að annar félagi hans tekur samtímis, eða svo að segja, höndum utan um sama manninn. Virðist þetta benda til þess, að æsing — eins og í réttarhald-inu 9. sept. s. l. — eða þá eitthvað annað hafi truflað eftir-tekt kærðs á því, er fram fór, eins og t. d., er hann segist ekki

heldur hafa tekið eftir orðum Þórðar lögregluþjóns til hans og félaga hans í stiganum, er Þórður snýr sér við í stiganum, og — eftir framburði (3ja lögregluþjóna) 2ja eiðfesta — hefur kylfuna á lopt gegn þeim félögum og segir á þá leið: að hann láti kylfuna ganga á þá, ef þeir stillist ekki, en Þórður hélt þá ætla að „leggja í sig“, og það héldu hinir 2 lögregluþjónar, en Sveinn og félagar hans stilltust við, og hefði kærður átt að taka eftir því. Allir 3 lögregluþjónar herma þessi orð, þar af tveir eiðfestir. Kærður er þarna alveg hjá Þórði, en samt kveðst hann ekki hafa heyrt, hvað hann sagði, en þó stillist hann við framkomu Þórðar lögregluþjóns.

Hvort sem það er rétt hjá kærðum Sveini Benediktssyni — er lögregluþjónarnir telja ólíklegt — að hann hafi tekið utan um Þórð — en tekið svo laust, að Þórður hafi ekki fundið — eða að hann hafi eitthvað tekið í Þórð, en sleppt svo fljótt, að Þórður yrði ekki taksins var, eða alls ekki náð að taka höndum á Þórði, þá virðist aðfarir kærðs gegn Þórði lögregluþjóni eftir framburði 2ja eiðfesta lögregluþjóna hafa verið slíkar, að hafi verið tilraun til þess að hindra Þórð lögregluþjón í starfi hans. Með aðförum sínum gegn Þórði lögregluþjóni hafa þeir (sic) gert tilraun og sýnt sig líklega til þess að vilja hindra starf hans, og að aðfarir þeirra hafi verið ofsalegt framferði gegn lögregluþjóninum og með hávaða sýnir eiðfestur framburður lögregluþjónanna Friðriks Sveinssonar og Jóhannesar Þórðarsonar. Hið ofsalega framferði þeirra og tilburðir til þess að taka á Þórði lögregluþjóni, elting á honum niður stigann í sýnilegum árásarhug, að því er eiðfestur framburður téðra 2ja lögregluþjóna hermir, fellur beint undir 106. gr. og 108. gr. hegningarlaganna, og hávaðinn sem móðgun undir 108 gr., er kærður Sveinn Benediktsson verður að teljast sekur um. Árásartilraun kærðs niðri í stiganum verður eigi varin með því, að þeir hafi viljað losa tak Þórðar á Jóni Gunnarssyni. Þarna var Þórður lögregluþjónn að fara niður til þess að loka hurðinni eftir Jóni Gunnarssyni og hindra, að aðrir kæmu inn um leið. Það sem Þórður lögregluþjónn segir og lyftir kylfunni sýnir (sic), að hann hefur búizt við árás, en það er útilokað, að hann hefði búizt við árás, nema kærður (og félagar hans) hefðu sýnt sig líklega til árásar, og það virðist hinum lögregluþjónunum.

Kærður og talsmaður hans virðast ganga út frá, að lögregluþjónarnir fari ekki með staðreyndir, heldur séu að skrökva þessu öllu upp á kærðan. Dómarinn getur ekki fundið nokkra ástæðu til þess að ætla megi lögregluþjónunum slíkt. Framburður lögregluþjónanna, að þeir telji ólíklegt, að þeir hefðu ekki orðið varir við, ef kærður hefði tekið utan um Þórð lög-

regluþjón, virðist hins vegar benda til þess, að þeir vilji ekki gera sök hans meiri en þeir telji rétt vera.

3. *Að berja í réttarhaldi bylmingshögg í borð, sem dómariinn situr við* og segja skammaryrði við vitni fyrir rétti, eins og bókun réttarins ber með sér, er móðgun gegn réttinum, er fellur undir 108. gr. hegningarlaganna eins og kærður Sveinn Benediktsson gerði í réttarhaldinu 9. sept. s. l. Talsmaður kærðs telur höggið ekki meint sem móðgun við réttinn. Samt segir kærður um dómaraann í réttarhaldinu, að yfirheyrsla dómaraans sé skrípaleikur, ummæli sem dómariinn hefur talið rétt, að væru eigi dregin inn í þessa málsmeðferð. Hins vegar er dómariinn þeirrar skoðunar, að *bylmingshögg í borðið sé vansæmandi fyrir réttinn*, jafnvel þótt eingöngu hefði verið meint til vitninsins.

Að segja við lögregluþjón, sem er að bera vitni um það sem gerist, meðan hann var að gegna skyldustarfi sínu og eftir að dómariinn rækilega hafði minnt vitnið á að segja satt og eftir að lögregluþjónninn hafði lýst yfir, að hann gæti svarið framburð sinn, að *hann færi til helvítis* er freklegt *móðgunaryrði gegn opinberum starfsmanni, lögregluþjóni og auk þess móðgun gegn réttinum að segja það í rétti*, og fellur hvorttveggja undir 108. gr. hegningarlaganna.

Kærður Sveinn Benediktsson, sem kominn er á lögaldur sakamanna, hefur áður eigi sætt refsingu nema 20 kr. sekt fyrir refsivert framferði á götu og áminningu fyrir að fara inn á dansleik eftir lokunartíma án leyfis lögreglunnar og án þess að greiða aðgöngueyri.

Verknaður kærðs Sveins Benediktssonar, sem nú hefur verið lýst, fellur undir 106. og 108. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940, og álist refsingin hæfilega ákveðin 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara sæti hann 13 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur verið.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóri greiði 500 kr. sekt í Menningarsjóð, til vara sæti hann 16 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, og 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara sæti 13 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Sveinn Benediktsson, Reykjavík, formaður stjórnar Sildarverksmiðja ríkisins, greiði 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara sæti 13 daga varðhaldi, ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, og 30 kr. í bæjarsjóð, til

vara sæti 2ja daga varðhaldi, ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Kærður Jón Gunnarsson greiði 60 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar málflm., Siglufirði, og kærður Sveinn Benediktsson greiði í málsvarnarlaun 60 kr. til talsmanns síns, hrm. Guttorms Erlendssonar, Rvk. Svo greiði og báðir allan kostnað sakarinnar.

Þá greiði talsmaður kærðs Sveins Benediktssonar, hrm. Guttormur Erlendsson, 60 kr. sekt í rikissjóð fyrir ósæmilegan rithátt í vörn sinni, til vara sæti 3ja daga varðhaldi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júní 1935.

Nr. 31/1945. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Rögnu Sigurðardóttur

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Öflun frekari skýrslna í refsímáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa er í ýmsum greinum áfátt. Áður en dómur er kveðinn upp í hæstarétti, þykir nauðsyn til bera að framhaldsrannsókn sé framkvæmd um þau atriði, sem nú verða greind.

1. Afla skal frumreikninga yfir greni það, sem í málinu greinir, og fá vitneskju um, hvaða skýrslur um verðgrenisins lágu fyrir verðlagsyfirvöldum, er þau ákváðu verð á því.
2. Rannsóknardómari skal gera ráðstafanir til að skoðaðar séu sjóðbækur og aðrar verzlunarbækur kærðu á þeim tíma, er hér skiptir máli, í því skyni að leiða í ljós söluhagnað kærðu á greninu. Þá skal og gerð gangskör að því að athuga bankareikninga kærðu frá miðjum desember 1944 til loka febrúar 1945. Er rétt að fela